

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2004

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, 299.mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, 299 mál, stjórn innheimtuþóknun.


Landssamtök lífeyrissjóða eru fylgjandi því að samtökin tilnefni fjóra stjórnarmenn í stjórn Söfnunarsjóðsins, eins og reyndar tíðkast hefur um árabíl, þegar Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða tilnefndu samtals fjóra fulltrúa í stjórn sjóðsins. Hins vegar er jafnframt vakin athygli á því að ekki er óeðlilegt að opinberir starfsmenn tilnefni sérstaklega fulltrúa í stjórn sjóðsins, eins og verið hefur, enda eiga fjölmargir ríkisstarfsmenn lífeyrisréttindi í sjóðnum.

Landssamtök lífeyrissjóða eru sammál að hækkun heimildar Söfnunarsjóðsins til innheimtuþóknunar hækki úr 2% í 4%. Um er að ræða lögbundna innheimtu-starfsemi, samkvæmt lögum nr. 129/1997, um starfsemi lífeyrissjóða og skyldu-

tryggingu lífeyrisréttinda. Eðlilegt er að vanskilaaðilar greiði þennan innheimtukostnað en ekki aðrir sjóðfélagar Söfnunarsjóðsins.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Stefán Magnússon', written in a cursive style over the printed name.